

Nd.

410. Nefndarálit

[15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar vill vísa því frá með tilvísun til þess, að landbúnaðar-ráðherra hefur skipað nefnd til þess að athuga m. a. þessi mál.

Við höfum ekki getað fallið á þá afgreiðslu, þar sem við teljum brýna nauðsyn bera til raunhæfra aðgerða hið allra fyrsta.

Sá grundvöllur fyrir endurnýjun vélakosts til ræktunarframkvæmda, sem lagður var með ákvæðum 10. gr. laga nr. 7 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, hefur algerlega brostið. Verðbólgan hefur gert fyrningarsjóðina óhæfa til að gegna hlutverki sínu, og sú hættu vofir yfir, að ræktunarframkvæmdir stöðvist af þeim sökum, ef ekkert er að gert.

Í grg. frv. er frá því greint, hvernig verðlag á beltavél af miðlungsstærð hefur breytzt síðan lögin tóku gildi, en það er sem hér segir:

| Ár         | Kostnaðarverð kr. | Hlutföll |
|------------|-------------------|----------|
| 1945 ..... | 43 500.00         | 100      |
| 1947 ..... | 46 000.00         | 106      |
| 1949 ..... | 65 000.00         | 150      |
| 1950 ..... | 136 000.00        | 313      |
| 1951 ..... | 183 000.00        | 421      |
| 1955 ..... | 184 000.00        | 423      |
| 1956 ..... | 226 000.00        | 520      |
| 1957 ..... | 282 000.00        | 648      |
| 1959 ..... | 385 000.00        | 885      |

En síðan grg. var rituð hefur verðbólgan tekið stærra stökk en nokkru sinni fyrr vegna efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar, og nú má bæta einni línu við þessa töflu, þannig:

|            |            |      |
|------------|------------|------|
| 1960 ..... | 622 500.00 | 1431 |
|------------|------------|------|

Þörfin er því enn brýnni nú en þegar frv. var flutt.

Ræktunarsamböndin hafa að sjálfsögðu ekkert fjármagn til að mæta svo gífurlegum verðhækkunum, og verði því nú á frest skotið að leggja fram fé til endurnýjunar vélakosts þeirra, blasir við stöðvun þeirrar þróunar, sem verið hefur í ræktun hér á landi á síðari árum.

Okkur virðist því, að afgreiðsla þessa máls þoli ekki frekari bið, og við leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1960.

Helgi Bergs, Karl Guðjónsson.  
frsm.